

Össur hf

Árshlutareikningur samstæðu
30. september 2002

Össur hf.
Grjóthálsi 5
110 Reykjavík

kt. 560271-0189

Efnisyfirlit

Áritun stjórnar.....	2
Kennitölur.....	3
Áritun endurskoðenda.....	4
Rekstrarreikningur 1. janúar – 30. september 2002.....	5
Efnahagsreikningur 30. september 2002	6
Sjóðstreymi 1. janúar – 30. september 2002.....	8
Skýringar	9

Áritun stjórnar

Að álit stjórnar og forstjóra Össurar hf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðu Össurar hf. þann 30. september 2002, rekstrarárangri tímabilsins 1. janúar - 30. september 2002 og fjárhagslegri þróun á tímabilinu.

Stjórn og forstjóri Össurar hf. staðfesta hér með árshlutareikning samstæðu Össurar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2002 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. október 2002

Í stjórn

Pétur Guðmundarson
stjórnarformaður

Össur Kristinsson

Gunnar Stefánsson

Heimir Haraldsson

Kristján T. Ragnarsson

Sigurbjörn Þorkelsson

Forstjóri

Jón Sigurðsson

Kennitölur

Samstæða Össurar hf.

		30.9.2002	30.9.2001	2001	2000	1999	1998
Vöxtur							
Sala	USD '000	61.206,7	51.255,5	68.380,7	45.681,6	17.932,6	14.037,1
Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	USD '000	11.126,7	8.985,8	12.972,9	8.904,3	3.361,0	2.528,2
Rekstrarhagnaður	USD '000	9.222,0	7.432,7	10.912,1	7.559,8	2.890,8	2.135,9
Hagnaður ⁽¹⁾	USD '000	7.269,4	5.861,8	8.632,1	5.187,5	1.925,2	1.112,4
Fjármunir	USD '000	69.641,1	57.606,3	58.201,3	56.851,1	24.307,0	7.361,6

Rekstrarfjármögnun

Handbært fé frá rekstri	USD '000	5.092,0	7.908,1	10.358,7	5.796,7	3.242,9	1.132,8
- í hlutfalli við heildarskuldir ⁽³⁾	%	22,5	34,9	36,1	30,0	67,0	24,5
- í hlutfalli við hagnað af reglulegri starfsemi		0,7	1,3	1,2	1,1	1,7	1,0
Hreint veltufé frá rekstri	USD '000	10.623,4	8.119,3	10.770,6	8.556,9	2.598,3	1.610,5
- í hlutfalli við langtímafjármagn ⁽³⁾	%	29,4	27,8	27,3	24,6	19,2	30,9
- í hlutfalli við fjárf. afborganir og arð ⁽³⁾		2,3	0,5	1,2	0,1	2,7	2,4

Fjárhagslegt jafnvægi

Lausafjárhlutfall		1,5	1,2	1,2	1,1	1,5	1,7
Veltufjárhlutfall		2,3	1,7	1,9	1,5	2,2	2,7
Eiginfjárhlutfall	%	53,1	48,4	52,5	44,6	78,6	35,7

Nýting fjármagns

Veltuhraði fjármagns ⁽³⁾	Skipti	1,3	1,2	1,3	1,1	1,1	2,2
Veittur gjaldfrestur ⁽³⁾	Dagar	48	45	44	50	40	39

Arðsemi

Arðsemi heildarfjármagns eftir skatta ^(1,2)	%	21,0	20,6	19,0	8,2	22,9	22,2
Arðsemi eigin fjármagns eftir skatta ^(1,2)	%	31,0	30,5	32,4	9,0	44,7	77,3
Hagnaður fyrir vexti sem % af veltu	%	15,1	14,3	15,8	16,5	16,1	14,7
Hagnaður fyrir skatta sem % af veltu	%	14,9	14,1	15,1	12,9	16,6	12,5
Hagnaður tímabilsins sem % af veltu ⁽¹⁾	%	11,9	11,3	12,5	11,3	10,7	7,7

Markaður

Markaðsvirði	USD '000	194.892,4	134.540,5	158.491,9	255.928,1	116.850,4	
V/H hlutfall ^(1,2)		19,4	17,5	19,4	53,0	60,8	
V/I hlutfall		5,3	4,8	5,2	10,1	6,1	
Fjöldi hluta	Millj.	328,4	328,4	328,4	328,4	211,9	
Hagnaður á hlut (EPS) ^(1,2)	US Cent	3,06	2,34	2,49	1,48	0,91	

Skýringar

- Við útreikninga vegna ársins 2000 er miðað við hagnað af reglulegri starfsemi þar sem við á.
- Kennitala fyrir fyrstu níu mánuði árána 2001 og 2002 er reiknuð miðað við rekstur síðastliðna 12 mánuði.
- Kennitölur fyrir fyrstu níu mánuði árána 2001 og 2002 hafa verið umreiknaðar til 12 mánaða tímabils þar sem við á.
- Við útreikning á kennitölum úr ársreikningum fyrir tímabilin sem gerðir voru í íslenskum krónum hafa rekstrarliðir verið umreiknaðar í bandaríkjadali miðað við meðalgengi hvers tímabils en efnahagsliðir miðað við lokagengi hvers tímabils.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Össuri hf.

Við höfum kannað árshlutareikning samstæðu Össurar hf. og dótturfyrirtækja fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2002. Samstæðureikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Samstæðureikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á samstæðureikningnum á grundvelli könnunarinnar. Árshlutareikningar erlendra dótturfélaga hafa verið kannaðir af endurskoðendum erlendra samstarfsfyrirtækja okkar.

Könnun okkar fólst í skoðun gagna sem árshlutareikningarnir eru byggðir á, fyrirspurnum og greiningu á helstu liðum reikningsskilanna. Könnunin felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun, sem hefur það að markmiði að gefið sé álit á ársreikningi. Þar af leiðandi látum við slíkt álit ekki í ljós.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningur samstæðu Össurar hf. gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2002, efnahag í lok tímabilsins, og breytingum á fjárhagslegri skipan, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 28. október 2002

Deloitte & Touche hf.

Heimir Þorsteinsson
endurskoðandi

Þorvarður Gunnarsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur tímabilsins 1.1. - 30.9. 2002

		Samstæða í þúsundum USD			
		2002	2001	2002	2001
Skýr.		1.1. - 30.9.	1.1. - 30.9.	1.7. - 30.9	1.7. - 30.9
Sala		61.206,7	51.255,5	21.390,6	18.108,3
Kostnaðarverð seldra vara		<u>(24.394,3)</u>	<u>(19.102,6)</u>	<u>(8.304,7)</u>	<u>(5.666,1)</u>
Framlegð		36.812,4	32.152,9	13.085,9	12.442,2
Aðrar rekstrartekjur		494,9	635,1	165,5	24,4
Sölu- og markaðskostnaður		<u>(12.836,9)</u>	<u>(9.208,3)</u>	<u>(3.748,2)</u>	<u>(2.729,1)</u>
Þróunarkostnaður		<u>(5.251,0)</u>	<u>(3.917,1)</u>	<u>(1.675,8)</u>	<u>(1.158,7)</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		<u>(9.997,4)</u>	<u>(12.229,9)</u>	<u>(3.137,0)</u>	<u>(4.783,4)</u>
Rekstrarhagnaður		9.222,0	7.432,7	4.690,4	3.795,4
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	17	(135,8)	(138,0)	(151,1)	10,3
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna	3	<u>39,8</u>	<u>48,3</u>	<u>1,7</u>	<u>15,7</u>
Hagnaður fyrir skatta		9.126,0	7.343,0	4.541,0	3.821,4
Tekjuskattur	15	<u>(1.856,6)</u>	<u>(1.481,2)</u>	<u>(891,9)</u>	<u>(1.320,8)</u>
Hagnaður tímabilsins		<u><u>7.269,4</u></u>	<u><u>5.861,8</u></u>	<u><u>3.649,1</u></u>	<u><u>2.500,6</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir		Samstæða í þúsundum USD	
	Skýr.	30.9.2002	31.12.2001
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir			
Reiknuð skattinneign	4	19.620,4	20.562,1
Þróunarkostnaður og aðrar óefnislegar eignir	5	762,8	301,5
		<u>20.383,2</u>	<u>20.863,6</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Fasteignir og lóðir	6	2.998,7	2.943,3
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir		7.611,8	5.865,7
		<u>10.610,5</u>	<u>8.809,0</u>
Langtímakröfur			
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	8	194,2	127,3
Langtímakröfur		750,1	1.148,2
		<u>944,3</u>	<u>1.275,5</u>
Fastafjármunir		<u>31.938,0</u>	<u>30.948,1</u>
Veltufjármunir			
Birgðir			
Hráefni og vörur í vinnslu	9	6.197,0	3.579,8
Fullunnar vörur og vörur til endursölu		5.938,7	6.293,0
		<u>12.135,7</u>	<u>9.872,8</u>
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur	10	14.288,3	9.854,0
Aðrar kröfur		1.850,0	1.529,7
		<u>16.138,3</u>	<u>11.383,7</u>
Handbært fé			
Markaðsverðbréf.....	11	946,4	452,8
Sjóður og bankainnstæður		8.482,9	5.543,9
		<u>9.429,3</u>	<u>5.996,7</u>
Veltufjármunir		<u>37.703,3</u>	<u>27.253,2</u>
Eignir		<u><u>69.641,3</u></u>	<u><u>58.201,3</u></u>

30. september 2002

Eigið fé og skuldir

		Samstæða í þúsundum USD	
	Skýr.	30.9.2002	31.12.2001
Eigið fé	12,13		
Hlutfé		3.122,8	3.141,7
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár		26.167,6	27.258,9
Lögbundinn varasjóður		596,1	146,9
Annað eigið fé		7.080,1	0,0
Eigið fé		<u>36.966,6</u>	<u>30.547,5</u>
 Skuldir			
Langtímaskuldir	14		
Lánastofnanir		13.424,7	9.998,4
Skuldabréf		30,3	34,8
Aðrar langtímaskuldir		2.513,7	2.897,6
Langtímaskuldir		<u>15.968,7</u>	<u>12.930,8</u>
 Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....		5.162,9	4.907,9
Viðskiptaskuldir.....		2.503,9	3.448,0
Reiknaðir skattar tímabilsins.....	15	1.048,2	789,3
Aðrar skammtímaskuldir.....		7.991,0	5.577,8
Skammtímaskuldir		<u>16.706,0</u>	<u>14.723,0</u>
 Skuldir		<u>32.674,7</u>	<u>27.653,8</u>
 Eigið fé og skuldir		<u><u>69.641,3</u></u>	<u><u>58.201,3</u></u>

Sjóðstreymi tímabilsins 1.1. - 30.9. 2002

		Samstæða í þúsundum USD	
		2002	2001
	Skýr.	1.1. - 30.9.	1.1. - 30.9.
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		7.269,4	5.861,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	5,6	1.904,7	1.553,1
Verðbætur og gengismunur.....		46,9	423,4
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga.....		0,0	(765,7)
Tap af sölu eigna.....		20,2	1,7
Reiknaður tekjuskattur.....		1.422,0	1.093,3
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga.....		(39,8)	(48,3)
Veltufé frá rekstri		10.623,4	8.119,3
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum			
Vörubirgðir, hækkun.....		(1.721,9)	(183,2)
Skammtímakröfur, hækkun.....		(4.296,6)	(12.638,5)
Skammtímaskuldir, hækkun		487,1	12.610,5
Handbært fé frá rekstri		5.092,0	7.908,1
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir fastafjármunir		(3.148,3)	(2.091,2)
Seldir fastafjármunir		85,2	141,8
Fjárfesting í öðrum félögum		0,0	(986,1)
Langtímaverðbréf og aðrar kröfur, breyting		409,6	347,1
Fjárfestingarhreyfingar		(2.653,5)	(2.588,4)
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir		5.226,9	14.726,7
Afborganir langtímaskulda		(3.094,5)	(17.946,3)
Keypt eigin bréf		(2.960,6)	(2.779,8)
Seld eigin bréf		1.589,4	0,0
Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga		51,7	499,1
Fjármögnunarhreyfingar		812,9	(5.500,3)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		3.251,4	(180,6)
Handbært fé frá keyptum félögum		0,0	260,2
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga		181,2	(670,6)
Handbært fé í upphafi ársins		5.996,7	7.123,6
Handbært fé í lok tímabilsins		9.429,3	6.532,6

Skýring um sjóðstreymi 18

Skýringar

Starfsemi

Össur hf. hannar, framleiðir og selur lausnir á sviði stoðtækja. Helstu framleiðsluvörur fyrirtækisins eru hulsur, gervifætur, hnjálíðir og íhlutir ýmiskonar sem notaðir eru til framleiðslu á gervilimum. Helstu markaðssvæði fyrirtækisins eru Norður-Ameríka, Vestur-Evrópa og Japan en fyrirtækið starfrækir félög í Bandaríkjunum, Svíþjóð og Hollandi auk móðurfélagsins sem staðsett er á Íslandi.

Framleiðsla og samsetning á vörum samstæðunnar fór fram á fjórum stöðum á tímabilinu, hjá Össur North America, Inc. í Aliso Viejo, Kaliforníu, sem setur saman gervifætur, hjá Össur Engineering, Inc. í Albion, Michigan, sem framleiðir hnjálíði, hjá Mauch, Inc., Dayton, Ohio, sem framleiðir íhluti í hnjálíði og hluti til ígræðslu og hjá Össuri hf. á Íslandi, sem framleiðir hulsur, gervifætur og íhluti. Auk þessa voru framleidd stuðningstæki hjá Össur Nordic AB í Uppsala í Svíþjóð og rekið stoðtækjaverkstæði á Íslandi.

Sala, dreifing og þjónusta í Norður Ameríku fór fram frá Össur North America, Inc., í Vestur Evrópu frá Össur Europe B.V., á Norðurlöndum hjá Össur Nordic AB en aðrir markaðir voru aðallega þjónustaðir frá Össuri hf. á Íslandi og Össur North America, Inc. Á árinu 2001 var sölufyrirkomulagi breytt bæði í Evrópu og Bandaríkjunum og er nú selt beint á þeim mörkuðum í stað þess að selja í gegnum dreifiaðila.

Á árinu 2002 gildir nokkuð breytt skipulag á rekstrinum og félögum samstæðunnar. Öllu rannsóknar- og þróunarstarfi og framleiðslu er stýrt frá einu sviði, tæknisviði. Alþjóðlegri markaðssetningu, vörustjórnun og sölu til annarra markaða en Norður Ameríku og Vestur Evrópu er stýrt frá markaðs- og vörusviði. Staðbundin markaðssetning, sala, dreifing og þjónusta er rekin í þremur sjálfstæðum sölufyrirtækjum, Össur North America, Inc., Kaliforníu, Össur Europe B.V., Hollandi og Össur Nordic AB í Svíþjóð.

Breyting á uppgjörsmynt

Í samræmi við íslensk lög nr. 25/2002 um breytingu á lögum nr. 145/1994 um bókhald, lögum nr. 144/1994 um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt hefur Össur hf. ákveðið að birta árshlutareikning samstæðu félagsins í bandaríkjadöllum. Ástæða þess er að meginumfang starfsemi samstæðunnar er í Bandaríkjunum og starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar, þ.e. sá gjaldmiðill sem ákvarðar mestar tekjur, gjöld, eignir og skuldir hennar, eru bandaríkjadalir.

Með fyrrgreindri lagabreytingu er samstæðu Össurar hf. nú í fyrsta sinn heimilt að birta samstæðu félagsins í bandaríkjadöllum frá og með 1. janúar 2002. Skýrt er frá meðhöndlun samanburðartalna vegna ársins 2001 í kafla um samanburð við fyrri ár.

Reikningsskilaaðferðir

1. Árshlutareikningur samstæðu Össurar er gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Þær breytingar eru á árshlutareikningnum miðað við fyrri ár að hann er gerður upp í bandaríkjadöllum og að íslensk félög samstæðunnar hafa hætt verðleiðréttingum reikningsskila. Árshlutareikningurinn er því gerður eftir kostnaðarverðsaðferð en þó að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til ársloka 2001. Við gerð árshlutareikningsins er í öðrum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Með íslenskum lögum nr. 133/2001 voru gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og lögum nr. 144/1994, um ársreikninga. Með breytingunum voru verðleiðréttingar laga um tekjuskatt og eignarskatt lagðar af frá og með 1. janúar 2002. Einnig voru afnumin ákvæði laga um ársreikninga, sem tóku til verðleiðréttinga í reikningsskilum vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga. Áfram er heimilt að færa sérstakt endurmat á eignir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Össur hf. hefur ákveðið að verðleiðrétta ekki reikningsskil hjá íslenskum félögum samstæðunnar frá og með 1. janúar 2002. Í árshlutareikningi þessum er því hvorki reiknuð verðbreytingarfærsla né fastafjármunir samstæðunnar endurmetnir. Samanburðatölum frá fyrra ári hefur ekki verið breytt hvað verðleiðréttingar varðar. Ef reikningsskil samsvarandi tímabili á fyrra ári hefðu verið óverðleiðrétt þá hefði hagnaður verið 5.129,0 þúsund bandaríkjadalir.

Skýringar

Rekstrarliðir dótturfélaga, sem ekki semja reikningsskil í bandaríkjadölum, eru reiknaðir í bandaríkjadali á meðalgengi hvers ársfjórðungs en efnahagsliðir aðrir en hlutfé eru reiknaðir í bandaríkjadali á gengi í lok tímabilsins. Þýðingarmismunur á dótturfélögum er færður yfir annað eigið fé.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði árshlutareikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

Samanburður við fyrra ár

2. Samanburðartölur frá fyrra ári eru, til að auðvelda samanburðarhæfni á milli ára, reiknaðar úr íslenskum krónum yfir í bandaríkjadali á meðalgengi rekstrartímabilsins 1. janúar - 30. september 2001 fyrir rekstrarliði en efnahagsliðir eru reiknaðir í bandaríkjadali á gengi í árslok 2001.

Samstæða

3. Samstæðureikningsskil Össurar hf. taka til þessara dótturfélaga:

	Eignarhluti
Össur Holding, AB.....	100%
Össur Nordic, AB.....	100%
Össur Nordic, AS.....	100%
Össur Engineering, AB.....	100%
PI Protesindustri, AB.....	100%
PI Medical, ApS.....	100%
Mega Hali Med, AB.....	100%
PI Medical, AB.....	100%
Protese Industri Medical, AS.....	100%
Össur Holdings, Inc.....	100%
Össur Engineering, Inc.....	100%
Century XXII Engineering, Inc.....	100%
Össur North America, Inc.....	100%
Mauch, Inc.....	100%
Össur USA, Inc.....	100%
OR Capital, Inc.....	100%
Össur stoðtæki hf.....	90%
Össur UK, Ltd.....	100%
Össur Europe, BV.....	100%

Eignarhlutur Össurar hf. í Eirberg ehf. er 48,75% og er hann færður samkvæmt hlutdeildaraðferð. Hlutdeild í hagnaði tímabilsins nam 39,8 þúsund bandaríkjadölum.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupsverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Hlutdeild minnihluta í Össur stoðtækjum hf. nemur óverulegum fjárhæðum og er ekki sýnd sérstaklega í árshlutareikningnum.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er þessum stærðum því eytt innan samstæðunnar við gerð reikningsskilanna. Óinnleystur hagnaður í birgðum af viðskiptum milli félaga innan samstæðunnar er bakfærður og samsvarandi leiðréttingar gerðar á reiknuðum tekjuskatti samstæðunnar.

Skýringar

Óefnislegar eignir

4. **Reiknuð skattinneign** skýrist annars vegar af skattahagræði í tengslum við kaup á eignarhluta í öðrum félögum umfram bókfært eigið fé þeirra og hins vegar af reiknaðri skattinneign vegna rekstrartaps. Skattskuldbindingar sem hvíla á nokkrum dótturfélögum koma til frádráttar reiknaðri skattinneign. Nánar greinist fjárhæðin þannig í þúsundum bandaríkjadala:

Skattahagræði í tengslum við kaup á viðskiptavild.....	16,568.6
Reiknuð skattinneign vegna yfirfæranlegs taps.....	2,633.1
Reiknuð skattinneign vegna bakfærðs hagnaðar í birgðum samstæðunnar.....	1,161.3
Skattskuldbindingar.....	(742.6)
	<u>19,620.4</u>

Á árinu 2000 keypti Össur hf. allt hlutfé í Flex-foot, Inc. í Kaliforníu. Kaupverð hlutabréfanna var verulega hærra en bókfært verð eigin fjár og taldist yfirverðið viðskiptavild. Viðskiptavildin var gjaldfærð í rekstrarreikningi árið 2000. Hins vegar voru 3/4 hlutar þess skattahagræðis sem leiddu af kaupum viðskiptavildarinnar eignfært.

Samkvæmt gildandi skattalögum í Kaliforníu er kaupverð á hlutabréfum umfram bókfært eigið fé frádráttarbært á 15 árum ef kaupin uppfylla tilgreind skilyrði. Þetta hefur það í för með sér að dótturfélagið Össur Holdings, Inc. þarf ekki að greiða skatta á næstu 13 árum af hagnaði að fjárhæð 53.443,4 þúsund bandaríkjadala. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir nægum árlegum hagnaði til þess að nýta skattahagræðið. Fjárhæðin verður gjaldfærð með jöfnum fjárhæðum sem tekjuskattur í rekstrarreikningi á næstu 13 árum. Í samræmi við þetta voru 994,1 þúsund bandaríkjadala gjaldfærðir á tímabilinu sem tekjuskattur í rekstrarreikningi og nema eftirstöðvarnar 16.568,6 þúsund bandaríkjadölum.

Í lok tímabilsins átti samstæðan yfirfæranlegt rekstrartap, sem nýtast mun á næstu árum, og er reiknað skattahagræði sem þessu fylgir eignfært, 2.633,1 þúsund bandaríkjadala. Á móti þessu vegur að á samstæðunni hvíla skattskuldbindingar sem ætla má að muni koma til greiðslu á næstu árum og eru reiknaðar skattskuldbindingar 742,6 þúsund bandaríkjadala dregnir frá reiknaðri skattinneign.

Við gerð samstæðureikningsskilanna var uppsafnaður hagnaður í birgðum vegna innbyrðis viðskipta samstæðunnar bakfærður að fjárhæð 4.532,8 þúsund bandaríkjadala. Áhrif bakfærslunnar á tekjuskatt nemur 1.161,3 þúsund bandaríkjadölum sem eru einnig bakfærðir í samstæðureikningsskilunum. Tekjuskatturinn er reiknaður út frá gildandi skatthlutföllum í þeim löndum þar sem vörurnar eiga uppruna sinn.

5. **Þróunarkostnaður og aðrar óefnislegar eignir** samanstanda annars vegar af eignfærðum þróunarkostnaði frá fyrri árum og hins vegar af kostnaði við öflun einkaleyfa fyrir framleiðsluvörur félagsins. Eignir þessar eru afskrifaðar um 4-20% á ári. Á þriðja ársfjórðungi var keypt framleiðsluþekking og tæknilegar lausnir af Capot Systems A.B. í Svíþjóð. Allur þróunarkostnaður sem til féll á tímabilinu var gjaldfærður.

Nánar greinist þróunarkostnaður og aðrar óefnislegar eignir þannig í þúsundum bandaríkjadala:

Stofnverð í ársbyrjun.....	707.3
Afskrifað áður	(405.8)
Bókfært verð í ársbyrjun.....	301.5
Gengismismunur á tímabilinu.....	5.0
Viðbót á tímabilinu.....	511.0
Afskrifað á tímabilinu.....	(54.7)
Bókfært verð 30.9.	<u>762.8</u>

Afskriftir þróunarkostnaðar og annarra óefnislegra eigna skiptist þannig á rekstrarliði í þúsundum bandaríkjadala:

Þróunarkostnaður.....	23.2
Skrifstofu- og stjórnumarkostnaður.....	31.5
	<u>54.7</u>

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á reiknuðu stofnverði að frádreginni línulegri afskrift og greinast fyrmingarlutföll þannig:

Fasteignir.....	2%
Bifreiðar.....	5-20%
Verksmiðjuvélar og áhöld.....	3-20%
Innréttingar og skrifstofubúnaður.....	6-33%

Varanlegir rekstrarfjármunir, gengisbreytingar og afskriftir greinast þannig í þúsundum bandaríkjadala:

	Fasteignir og lóðir	Bifreiðar	Vélar	Innréttingar og skrifstofub.	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun.....	3,364.2	273.8	7,332.4	4,167.9	15,138.3
Afskrifað áður	(420.9)	(56.0)	(3,807.9)	(2,044.5)	(6,329.3)
Bókfært verð í ársbyrjun.....	2,943.3	217.8	3,524.5	2,123.4	8,809.0
Gengismunur á tímabilinu.....	12.4	0.7	47.7	15.6	76.4
Keypt á tímabilinu.....	192.6	0.0	2,298.5	1,189.4	3,680.5
Selt á tímabilinu.....	0.0	(69.3)	(36.1)	0.0	(105.4)
Afskrifað á tímabilinu.....	(149.6)	(23.2)	(966.6)	(710.6)	(1,850.0)
Bókfært verð 30.9.....	2,998.7	126.0	4,868.0	2,617.8	10,610.5

Eignir fjármagnaðar með kaupleigusamningum eru eignfærðar í efnahagsreikningi og samsvarandi skuldbindingar færðar meðal langtímaskulda.

7. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af umreiknuðu kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna skiptast þannig á rekstrarliði í þúsundum bandaríkjadala:

Kostnaðarverð seldra vara.....	770.6
Sölu- og markaðskostnaður.....	59.9
Þróunarkostnaður.....	237.7
Skrifstofu- og stjórnumarkostnaður.....	781.8
	<u>1,850.0</u>

Langtímakröfur

8. Langtímakröfur samanstanda af ýmsum kröfum og verðbréfum til lengri tíma. Þær eru færðar á kaupverði eða markaðsverði, hvort sem lægra reynist.

Birgðir

9. Vörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði/framleiðslukostnaðarverði eða dagverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

Óinnleystur hagnaður í birgðum dótturfélaga í lok tímabilsins, sem skýrist af mismuni á kostnaðarverði og söluverði til dótturfélaga, er bakfærður og birgðir lækkaðar samsvarandi.

Skýringar

Skammtímakröfur

10. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og gengismun, en að teknu tilliti til niðurfærslu að fjárhæð 1.299,3 þúsund bandaríkjadali. Niðurfærslan er tvískipt og eru 747,3 þúsund bandaríkjadali vegna krafna sem kunna að tapast og 552,0 þúsund bandaríkjadali vegna hugsanlegra vöruskila. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótveikningur til að mæta hugsanlegu tapi. Hækkun niðurfærslunnar á tímabilinu 79,6 þúsund bandaríkjadali er færð yfir rekstrarveikning.

Handbært fé

11. Markaðsverðbréf samanstanda af inneign í verðbréfasjóðum og eru færð á markaðsverði í lok tímabilsins. Engar hömlur eru á innlaun verðbréfanna.

Eigið fé

12. Hlutfé greinist þannig í milljónum hluta og þúsundum bandaríkjadala:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í lok tímabilsins.....	322.2	98.1%	3,122.8
Eigin hlutir í lok tímabilsins.....	6.2	1.9%	59.8
	328.4	100%	3,182.6

Útgefnir hlutir í lok tímabilsins eru alls 328.441.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Á hluthafafundi þann 6. júní 2002 var samþykkt að breyta hlutabréfum Össurar hf. úr íslenskum krónum í bandaríkjadali og stjórn félagsins falið að sá um framkvæmd þess.

13. Breytingar á einstökum eiginfjárveikningum greinast þannig í þúsundum bandaríkjadala:

	Hlutfé	Yfirverðs- veikningur	Lögbundinn varasjóður	Annað eigið fé	Samtals
Yfirfært frá fyrra ári.....	3,141.7	27,258.9	146.9	0.0	30,547.5
Keyptir eigin hlutir.....	(55.2)	(2,905.4)			(2,960.6)
Seldir eigin hlutir	29.1	1,560.3			1,589.4
Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga.....	1.9	49.8			51.7
Afhentir eigin hlutir vegna kaupa á dótturfélögum.....	5.3	204.0			209.3
Þýðingarmismunur á erlendum eignarhlutum.....				259.9	259.9
Hagnaður tímabilsins.....				7,269.4	7,269.4
Tillag í lögbundinn varasjóð.....			449.2	(449.2)	0.0
	3,122.8	26,167.6	596.1	7,080.1	36,966.6

Skýringar

Langtímaskuldir

14. Langtímaskuldir eru færðar á gengi í lok tímabilsins og greinast þannig eftir gjaldmiðlum í þúsundum bandaríkjadala:

	Eftirstöðvar
Skuldir í USD.....	14,944.4
Skuldir í EUR.....	6,026.0
Skuldir í ISK.....	161.2
	21,131.6
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(5,162.9)
Langtímaskuldir 30.9.	15,968.7

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 1.10 2002 - 30.9 2003.....	5,162.9
Afborganir 1.10 2003 - 30.9 2004.....	9,959.6
Afborganir 1.10 2004 - 30.9 2005.....	1,375.5
Afborganir 1.10 2005 - 30.9 2006.....	1,043.6
Afborganir síðar	3,590.0
	21,131.6

Skattamál

15. Skattar á hagnað samstæðunnar á tímabilinu eru reiknaðir og færðir í samstæðureikninginn. Nánar greinist gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningnum þannig í þúsundum bandaríkjadala:

	1.1. - 30.9. 2002
Tekjuskattur til greiðslu vegna tímabilsins.....	1,052.0
Afskrifað skattahagræði vegna kaupa á viðskiptavild.....	994.1
Tekjuskattsáhrif vegna bakfærslu á óinnleystum hagnaði í birgðum.....	(735.7)
Breyting reiknaðrar skattinneignar/skattskuldbindinga.....	546.2
	1,856.6

Til frádráttar reiknuðum sköttum tímabilsins í efnahagsreikningi hefur verið færður fyrirframinnheimtur fjármagnstekjuskattur.

Önnur mál

16. Sala samstæðunnar greinist þannig eftir mörkuðum og vörutegundum:

	1.1. - 30.9. 2002
Norður Ameríka.....	57%
Evrópa.....	38%
Aðrir markaðir.....	5%
	100%

Skýringar

	1.1. - 30.9. 2002
Stoðtæki.....	94%
Stuðningstæki.....	5%
Annað.....	1%
	<u>100%</u>

17. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig í þúsundum bandaríkjadala:

	1.1. - 30.9. 2002
Vaxtatekjur	<u>72.8</u>
	72.8
Vaxtagjöld.....	(800.3)
Gengismunur.....	<u>591.7</u>
	<u>(135.8)</u>

Sjóðstreymi

18. Í sjóðstreymi samstæðu eru áhrif gengisumreiknings sjóðstreymisyfirlita dótturfélaga sýnd sem sérstakur liður í greiningu á breytingu handbærs fjárs, í samræmi við IAS 7.

Greiddir skattar á tímabilinu námu 31,8 þúsund bandaríkjadölum. Greidd vaxtagjöld umfram vaxtatekjur námu 590,7 þúsund bandaríkjadölum á tímabilinu.

Keyptir voru varanlegir rekstrarfjármunir á tímabilinu að fjárhæð 1.043,2 þúsund bandaríkjadala sem voru fjármagnaðir að fullu með kaupleigusamningum. Þessi viðskipti hafa ekki áhrif á handbært fé og eru því ekki sýnd í sjóðstreymi.